

**Nd.**

**307. Breytingartillögur**

[95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Karli Guðjónssyni.

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 2. og 3. málgr. 23. gr. laganna koma þessi ákvæði:

Nú giftist ekkja, sem nýtur barnalífeyris með börnum sínum, og skal hún þó halda óskertum barnalífeyrinum, þar til hlutaðeigandi barn nær 16 ára aldri. Einnig skulu mæður óskilgetinna barna og fráskildar konur, er taka lífeyri með börnum sínum samkvæmt úrskurði yfirvalds, eiga rétt á að fá lífeyrinn greiddan hjá Tryggingastofnuninni til 16 ára aldurs barnsins án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki.

2. Við 11. gr. Aftan við 2. málgr. bætist:

Fjölskyldubætur greiðast án tillits til þess, hvort barnalífeyrir er greiddur með hlutaðeigandi börnum eða ekki.